Nr. 14.
6.
nóvbr.

# Lög

um

## að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Samkvæmt 15. grein laga, nr. 15, 8. maí 1894 skal stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað. Í henni skulu vera bæjarfógetinn og 4 menn, sem bæjarstjórnin kýs, og skulu 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

### 2. gr.

Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru, skulu hafa starf sitt á hendi í 5 ár. Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 5 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er í hans stað, aðeins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eptir í nefndinni.

### 3. gr.

Til þess að kaupstaðurinn hjer eptir geti orðið byggður eptir ákveðinni reglu, ber nefndinni að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli stræti; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er þegar eru byggðar; skal nefndin svo rita þær í sjerstaka bók, ásamt lóðum þeim, er síðar verður byggt á. Kostnað við útvegun bókar þessarar og annara þeirra embættisbóka, er nefndinni kynni þykja við þurfa til að rita í gjörðir sínar og brjef, skal greiða úr bæjarsjóðnum.

### 4. gr.

Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar í kaupstaðnum og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina:

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 14.
6te Novbr.

## om

## Oprettelsen af en Bygningskommission i Købstaden Seydisfjord.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

**Gøre vitterligt:** Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I Henhold til Lov Nr. 15 af 8de Maj 1894 § 15 oprettes der for Købstaden Seydisfjord en Bygningskommission, bestaaende af Byfogden og 4 af Byraadet valgte Medlemmer, hvoraf de 2 skulle være af dets egen Midte.

§ 2.

Bygningskommissionens valgte Medlemmer skulle vedblive deres Funktion i 5 Aar. Dersom nogen af en eller anden Aarsag udtræder inden Udløbet af 5 Aar, skal den, der vælges i hans Sted, kun fungere for den tilbageværende Del af det nævnte Tidsrum.

§ 3.

Det paaligger Kommissionen, forat Købstaden i Fremtiden kan blive bygget efter en bestemt Plan, at fastsætte, hvor fri Pladser og Gader skulle anlægges, og bør Kommissionen til den Ende erholde meddelt af Byfogden en Oversigt over de hidtil af Bygninger med Tilbehør optagne Pladser, over hvilke i Forbindelse med dem, der senere paa samme Maade optages, Kommissionen bør føre en særskilt Protokol. Udgifterne til Anskaffelse af denne Protokol saa vel som til de flere Protokoller, Kommissionen maatte finde nødvendige til dens Forhandlinger og Korrespondance, udredes af Byens Kæmnerkasse.

§ 4.

For at tilvejebringe en bedre Orden med Hensyn til Købstadens Bygninger og for at undgaa Fare ved Ildsvaade bliver følgende af Kommissionen at iagttage:

Nr. 14.
6.
nóvbr.

A. Ef nefndinni þykir þurfa að breikka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um kaupstaðinn, þá skal sjerhver sá, sem á óbyggða lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess að strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann endurbyggir það, að færa það aptur á við, eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það; skal nefndin meta það eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefur orðið fyrir, við það að af því hefur verið tekið eður hús flutt aptur á við, og skal greiða kostnað þann, sem af því rís, á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sje hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi óánægður með endurgjald það, sem nefndin hefur ákveðið, getur hann lagt málið undir úskurð amtsins

B. þess ber grandgæfilega að gæta, þá er byggð eru ný hús, þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grennd eru, nema eldtraustur veggur sje á milli; að öðrum kosti skal ávallt vera 10 álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grennd við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eða aðrar girðingar, þær er skjótlega mætti niður brjóta, ef húsbruni kæmi fyrir.

C. þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar móti húsbruna. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess, svo sem verður, að hús, er ætluð eru til atvinnureksturs, er hefur brunahættu í för með sjer, verði byggð á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum, og sjer í lagi á hæð undir loptum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgerðum á húsum og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði í öllum greinum reglum þeim, sem þeim eru settar.

D. Sjerhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skrifleg ákvæði hennar um það, hvort hann megi byggja, og eptir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hjer á undan.

E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sje gætt, þá á bæði hann og yfirsmiður sá, er á hlut að máli, að greiða sektir frá 10 til 50 kr. í bæjarsjóð; hinn fyrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið sje rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eptir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið, og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefur eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu sektir skal og sá greiða, sem að öðru leyti gjörir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefur sett honum um byggingu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því sem hjer að framan er ákveðið; þó má eptir málavöxtum lækka sektirnar allt að 4 kr.; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim, er settar voru.

A. Naar det til større Sikkerhed i Henseende til Ildsvaade eller for at skaffe en bekvemmere Færdsel anses nødvendigt, at der gives en Gade større Brede, og at en ældre Bygning rykkes ind, da skal enhver, der ejer en ubebygget til Gaden stødende Plads, være pligtig til at afstaa saa meget af sin Grund til Gaden, som anses fornødent til at give denne den behørige Brede, ligesom ogsaa Ejeren af Bygningen skal ved Ombygning være pligtig til at indrykke den efter Behov, begge Dele mod en Godtgørelse, som i Forhold til hele Byggepladsens Størrelse og Værdi og den Forringelse, den ved Afstaaelsen og Indrykkelsen vil lide, bestemmes af Kommissionen. De hertil medgaaede Udgifter udredes paa samme Maade som Udgifterne til den egentlige Kommunalforvaltning. Er vedkommende Grundejer eller Husejer misfornøjet med den af Kommissionen fastsatte Godtgørelse, kan Spørgsmaalet forelægges Amtet til Afgørelse. Nr. 14. 6te Novbr.

B. Ved Opførelsen af nye Bygninger paa forhen ubebyggede Pladser skal nøje paaagtes, at de paa ingen Maade komme i umiddelbar Forbindelse med Nabohusene, medmindre de ere adskilte fra disse ved en Brandmur. Ellers bør der altid være et frit Rum til Naboens Huse paa 10 Alen; dog skal dette ikke være til Hinder for Opførelsen af Stakitter eller andre saadanne Indhegninger, som i Tilfælde af Ildsvaade hurtig kunne nedrives.

C. Naar nogen ny Bygning skal opføres, har Kommissionen at bestemme den Linie, som der bør gives Bygningen til Gaden, og de flere Regler, som samme i Henseende til Sikkerhed mod Ildsvaade saa vel ved Bygningens indvendige som udvendige Bygningsmaade finder det fornødent at iagttage. Kommissionen bør derhos saa vidt muligt paase, at Bygninger, der agtes benyttede til Næringsveje, som ere forbundne med særlig Brandfare, opføres paa afsides Steder, ligesom ogsaa Kommissionen har at føre Tilsyn med alle nye Bygninger, medens de staa under Opførelse, og navnlig med Etagernes Højde. Ligeledes bør den føre Tilsyn, naar der foretages Hovedreparationer, og har den nøje at paase, at vedkommende i alle Henseender rette sig efter de dem givne Forskrifter.

D. Enhver, som agter at opføre nogen Bygning eller ved de ældre Bygninger at gøre Forandringer eller at foretage Hovedreparationer, bør derfor, inden Arbejdet begyndes, først desangaaende gøre Anmeldelse for Kommissionen og indhente sammes skriftlige Bestemmelser, om og efter hvilke Regler han maa bygge, for saa vidt det under Litr. C. angivne Øjemed angaar.

E. Dersom nogen begynder paa noget Bygningsarbejde, uden at dette er efterkommet, bør saa vel han som vedkommende Mester bøde fra 10 til 50 Kr. til Byens Kæmnerkasse, og maa den førstnævnte derhos taale, at Bygningen, saa vidt den ikke er indrettet efter de Regler, som Kommissionen finder derved at burde have været iagttagne, for hans Regning nedrives.

I øvrigt bør Byfogden, saafremt han bringer i Erfaring, at der begyndes paa et Bygningsarbejde, hvortil Kommissionens Samtykke behøves, uden at samme er indhentet, straks forbyde dets Fortsættelse. Naar nogen ellers gør sig skyldig i Overtrædelse af de ham af Kommissionen i Henhold til de foranstaaende Bestemmelser meddelte Forskrifter for en Bygnings Opførelse eller Istandsættelse, vil en lignende Bøde som efter foranstaaende Litr. E. være at anvende, dog saaledes, at samme efter Sagens Beskaffenhed kan nedsættes indtil 4 Kr., hvorhos den Del af Bygningen, som ikke er indrettet efter de givne Regler, kan nedrives.

Nr. 14. 6. nóvbr.

5. gr.

Að því leyti, sem við getur átt, skulu ákvæði laga þessara einnig ná til húsa þeirra á kaupstaðarlóðinni, sem eru með torfþaki og torfveggjum, og til matjurtagarða, er slíkum húsum fylgja.

6. gr.

Með mál um brot á lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 6. nóvember 1897.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Rump.*

§ 5.

Nr. 14. 6te Novbr.

De i nærværende Lov indeholdte Forskrifter bør ogsaa gælde i Henseende til de paa Købstadgrunden med Jordtage og Jordvægge opførte Huse og dertil hørende Haver, for saa vidt de paa samme ere anvendelige.

§ 6.

Sager angaaende Overtrædelser af denne Lov behandles som offentlige Politisager.

**Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.**

**Givet paa Amalienborg, den 6te November 1897.**

---

**Ministeriet for Island, den 6te November 1897.**

*Rump.*

*Ólafur Halldórsson.*